

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir fiskeldi í landi Innstu-Tungu í Tálknafirði, Vestur-Barðastrandarsýslu



Óskar Leifur Arnarsson
2018

Ljósmynd á forsíðu sýnir skipulagssvæðið. (Mót norðvestur. Ljósm. ÓLA).

© Óskar Leifur Arnarsson, júlí 2018

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir fiskeldi í landi Innstu-Tungu í Tálknafirði, Vestur-Barðastrandarsýslu

Útgáfustaður: Patreksfjörður

Útgefandi: Óskar Leifur Arnarsson

Netfang: oskarar@gmail.com

Unnið fyrir Tungusilung ehf.

Minjastofnun Íslands - auðkennisnúmer verkefnis: 1960

Heiti verkefnis: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir fiskeldi í landi Innstu-Tungu í Tálknafirði, Vestur-Barðastrandarsýslu	Verknr. / Rannsóknarnr. (Minjastofnun Íslands): 1960
Sveitafélag / (Hreppur): Tálknafjarðarhreppur (Tálknafjarðarhreppur)	Sýsla: Vestur-Barðastrandarsýsla
Jörð / lögþýli: Innsta-Tunga	Landnúmer (Þjóðskrá Íslands): Engjapartur/Mjóipartur (landnr. 140428)
Verkkaupi: Tungusilungur ehf.	Landeigandi, heimilisfang:
Landmælingar Íslands – Herforingjaráðskort: 3 NA. Sauðlauksdalur - Vatneyri	Hnit: -
Gripir nr. (Sarpur): -	Sýni: -
Skýrsluhöfundar: Óskar Leifur Arnarsson	Tímabil vettvangsvinnu: Júlí 2018
Verkefnisstjórar: Óskar Leifur Arnarsson	Dagsetning: 19.7.2018

☒

Verkefnið/skipulagið stangast ekki á við menningarminjalög

☐

Verkefnið/skipulagið stangast á við menningarminjalög

Inngangur

Undirritaður var fenginn til að vinna fornleifaskráningu vegna deiliskipulagsvinnu fyrir athafnasvæði fiskeldisstöðvar Tungusilungs á svokölluðum Breiðaparti í landi Innstu-Tungu. Þar hefur verið starfrækt landeldi á fiski síðan 1985. Athafnasvæðið sem um ræðir hefur landnr. 140428 (Engjapartur/Mjóipartur) en hluti svæðisins er á svæði sem heitir Breiðapartur.


Svæðið er innan við þéttbýlið á Tálknafirði og afmarkast af Tálknafjarðarvegi nr. 617 að vestan, Maggalæk að norðan, fjöru að vestan og landamerkjum við Gileyri að sunnan.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 39.611,5 m² iðnaðarlóð og þar af eru 3.984 m² á nýrri landfyllingu. Skráningarsvæðið var um 5,38 ha. Vettvangsathugun fór fram í júlí 2018.

Fornleifaskráningin takmarkast við fyrrgreint skipulagssvæði. Ekki er um tæmandi upptalningu á fornleifum á svæðinu að ræða og fleiri fornleifar geta komið í ljós við framkvæmdir.

Vettvangsathugun og skýrsluskrif annaðist Óskar Leifur Arnarsson, fornleifafræðingur.

Gunnlaugur Björn Jónsson, arkitekt (GINGI teiknistofa) sér um deiliskiplagsvinnuna.



Athafnasvæði Tungusilungs, deiliskipulagssvæðið. (Gunnlaugur Björn Jónsson. (2018) Deiliskipulagstillga fyrir athafnasvæði fisk- og seiðaeldis í landi Innstu Tungu.)

Markmið og aðferðir

Tilgangur fornleifaskráninga

Lög um menningarminjar nr. 80/2012 eiga að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang og kynni af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr., IV. kafla segir: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. ... Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. gr., I. kafla laganna segir: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, ...“

Um verndun fornleifa segir í 21. gr. VI. kafla: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Ef óþekktar fornminjar koma í ljós, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli skal Minjastofnun Íslands gert viðvart svo fljótt sem unnt er.

Af hverju fornleifaskráning?

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum við skipulagsvinnu og vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa og aukins kostnaðar á viðkomandi verki.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna er farið eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands frá 2013 með síðari tíma viðbótum og breytingum. Fornleifaskráning á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja. Gengið var skipulega um svæðið.

Ekki má líta svo á að um tæmandi fornleifaskráningu á vettvangi sé að ræða og óþekktar fornleifar geta óvænt komið í ljós við framkvæmdir.

Niðurstöður

Eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar er að vera skipulagsyfirvöldum innan handar við að standa vörð um fornleifar og marka stefnu í minjavernd og skipulagsmálefnum. Fornleifaskráningu lýkur í raun aldrei, bæði vegna þess að nýjar óþekktar minjar geta komið í ljós og eins vegna aldursskilgreiningar á fornleifum í *lögum um menningarminjar*. Samkvæmt þeim teljast fornleifar vera hvers kyns mannvistarleifar 100 ára og eldri og því bætast nýjar minjar við árlega.

Gengið var skipulega um svæðið og var fjara á þeim tíma. Engar fornleifar fundust á svæðinu eða heimildir um að þar hafi verið minjar. Umrætt svæði er fyrir utan tún Tungubæjanna og var áður nýtt til beitar og slægna. Af ummerkjum að dæma hefur ræktun landsins verið hafin að einhverju leyti á síðari hluta 20. aldar. Eins er svæðið nokkuð raskað vegna framkvæmda við fiskeldið á liðnum áratugum. Landið er aflíðandi og bratt niður í fjöru. Eins er það þýft og lækir renna niður það og engar vísbeningar um að þar hafi verið minjar. Núverandi athafnasvæði er að mestu á landfyllingu í fjörunni.

Fyrirhugað skipulag stangast ekki á við *Lög um menningarminjar nr. 80/2012*.

Lögð er áhersla á að samkvæmt *menningarminjalögum* ber að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við jarðrask á framkvæmdatíma.

Patreksfjörður, 19. júlí 2018

Óskar Leifur Arnarsson

Heimildaskrá

Lög um menningarminjar nr. 80, 29. júní 2012. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>

Oddgeir Isaksen (2016). *Leiðbeiningar Minjastofnun Íslands 1. Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn*. Minjastofnun Íslands, Reykjavík. http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Skilaferli-skraningargagna_leidbeiningar_uppf.pdf

Skráningarstaðlar fornleifa. (2013). Minjastofnun Íslands. http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Gunnlaugur Björn Jónsson. (2018). *Deiliskipulagstillaga fyrir athafnasvæði fisk- og seiðaeldis í landi Innstu-Tungu*. GINGI teiknistofa, Tálknafirði.

Sigurður Bergsteinsson. *Umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæði fisk- og seiðaeldis í landi Innstu Tungu í Tálknafjarðarhreppi*. (MÍ201806-0028 / 6.09 / S.B.). 15. júní 2018.

Þjóðskrá Íslands. (e.d.). *Fasteignaskrá*. Sótt 19. júlí 2018. <http://www.skra.is>

Örnefnaskrár:

Tunga og Gileyri. Skrá eftir Jóhann L. Einarsson. Jónína Hafsteinsdóttir setti saman, 1978.

Loftmyndir:

Loftmyndir ehf., loftmynd frá árinu 2011.

Kort:

Generalstabens topografiske Kort (1915). 3 NA. *Sauðlauksdalur - Vatneyri*. 1:50.000. Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling.